



KYNFERÐISLEG HEGÐUN BARNA

HVAÐ ER EÐLILEGT?



KYNFERÐISLEG HEGÐUN BARNNA

Þegar börn undir 12 ára aldri sýna kynferðislega hegðun getur verið erfitt að meta hvort sú hegðun er eðlileg eða ekki. Þessi bæklingur hefur að geyma upplýsingar um það hvenig greina má á milli eðlilegrar kynferðislegrar hegðunar barna og óeðlilegrar.

Í bæklingnum eru atriði sem vert er að hafa í huga þegar kemur að því að fylgjast með kynferðislegri hegðun barna á leikskólaaldri og þar til þau verða 10 ára gömul. Þar má nefna töflur sem sýna skilmerkilega hvers konar kynferðisleg hegðun barna telst eðlileg og heilbrigð, þykir umhugsunarefni eða er þess eðlis að leita skyldi sérfræðiaðstoðar.

Einnig eru upplýsingar um það hvert skal leita eftir aðstoð ef þess gerist þörf.

EÐLILEG KYNFERÐISLEG HEGÐUN BARNNA

Búast má við því að flest börn sýni kynferðislega hegðun fyrir 13 ára aldur. Eðlileg og heilbrigð kynferðisleg hegðun barna er oft vegna forvitni þeirra og áhuga á líkamanum. Börn gætu leikið sér í læknisleik og viljað skoða líkama annarra, þar með talda einkastaðina. Börn gætu einnig viljað fara í búleik og prófa að látast vera bæði kona og karl.

Börn sem sýna kynferðislega hegðun með öðrum börnum eru oftast á svipuðum aldri og samhlíða þeim í þroska. Einnig ber slíkur leikur þess merki að börnin séu viljug til að taka þátt í slíkum leikjum með hvoru öðru. Börnin eru þá oftast félagar sem leika sér einnig í annarskonar leikjum saman. Eðlilega kynferðislega hegðunin á sér ekki stað ítrekað, heldur kemur af og til fram hjá börnum í gegnum hin ýmsu þroskaeðli þeirra og er í jafnvægi við forvitni þeirra og tilraunir á öðrum sviðum. Börn gætu skammast sín vegna kynferðislegrar hegðunar en upplifa þó sjaldan mikla sektarkennd, skömm eða ótta, sé kynferðislega hegðunin eðlileg. Ef börn eru staðin að verki við kynferðislegan leik getur það orðið til þess að þau hætta slíkri hegðun eða sýni hana ekki þegar fullorðnir sjá til.

VELFERÐ BARNNSINS AÐ LEIÐARLJÓSI

Til þess að tilkynna grun um vanrækslu eða ofbeldi gagnvart barni skalt þú hafa samband við Barnavernd í viðkomandi sveitarfélagi. Ef þú telur að velferð barnsins sé í húfi getur þú hringt í 1-1-2.



HVAÐ Á AÐ GERA ÞEGAR BARN SEGIR FRÁ?

Ef þú telur að barn sæti kynferðisofbeldi eða sé misboðið á einhvern hátt skalt þú tilkynna það barnavernd þar sem barnið er dvalfast. Leyfðu barninu að njóta vafans og láttu fagfólk meta þörf á aðgerðum.

Samkvæmt 16. grein barnaverndarlaga nr. 80/2002 er hverjum þeim sem hefur ástæðu til að ætla að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska alvarlega í hættu skylt að tilkynna það barnavernd. Í 17. grein sömu laga er sérstök áhersla lögð á tilkynningarskyldu þeirra sem starfa sinna vegna hafa afskipti af málefnum barna. Tilkynningarskyldan gengur framur ákvæðum laga eða síðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.

Það er aldrei auðvelt fyrir barn að greina frá kynferðisofbeldi eða öðru ofbeldi. Oft hefur barnið þurft að telja í sig kjark í langan tíma og stundum segir barnið frá slíku án þess að ætla sér það. Ef barn tekur það skref að segja frá slíkri reynslu er mikilvægt að bregðast rétt við.

- **Trúðu** barninu
- **Tilkynntu** málið til barnaverndar
- **Láttu** barnið **vita** að það var rétt að segja frá
- **Fullvissaðu** barnið um að ofbeldið sé ekki því að kenna.
- **Hlustaðu á** barnið en ekki yfirheyrja það
- **Tryggðu öryggi** barnsins
- **Mundu** að þín viðbrögð skipta máli fyrir horfur barnsins og hvernig það tekst á við afleiðingar ofbeldisins.

HVERNIG NOTA ÉG TÖFLURNAR?

Athugið að töflurnar segja **ekki** til um það hvort barn hafi verið **misnotað kynferðislega** eða ekki. Þær eru einungis til viðmiðunar þegar verið er að kanna hegðun barns sem **grunur** liggur á að hafi orðið fyrir kynferðislegu ofbeldi eða verið vitni að því með einhverjum hætti.

Dálkur 1: eðlileg kynferðisleg hegðun.

Hegðun sem nefnd er í þessum dálki er sú kynferðislega hegðun sem búast mátti við að sjá hjá börnum. Hafa má í huga að ekki öll börn sýna alla þá hegðun sem nefnd er, sum börn sýna mikla eðlilega kynferðislega hegðun en önnur sýna litla. Þó að hegðunin sem nefnd er í þessum dálki megi teljast eðlileg myndi það óneitanlega vekja spurningar ef barn sýndi hegðun sem endurspegladi allt eða flest af því sem nefnt er. Eðlilegt væri að fylgjast náið með atferli þess barns.

Dálkur 2: hegðun sem gefur tilefni til umhugsunar.

Hegðun sem lýst er í þessum dálki varðar það þegar börn eru of upptekin af kynferði og kynlífi miðað við aldur þeirra og þroska. Þegar barn sýnir fleiri en eina tegund hegðunar í dálki 2 eða hættir ekki að stunda þannig hegðun þrátt fyrir inngríp ummönnumaradila og fræðslu, ber að leita sérfræðiaðstoðar.

Dálkur 3: leita skal aðstoðar sérfræðings.

Sú hegðun sem lýst er í dálki 3 sést oft hjá börnum sem eru ringluð hvað varðar kynferði og kynlíf. Þau börn sem sýna hegðun í dálki 3 **gætu** hafa upplifað kynferðislega áreitni eða misnotkun eða verið vitni að slíku. Aðrar skýringar gætu verið á hegðun barnsins eins og hvatvísi, erfiðar aðstæður á heimili eða í nánasta umhverfi þess. Engu að síður ber að leita eftir sérfræðiaðstoð, hvort heldur sem þörf er á fræðslu eða meðferð.

KYNFERÐISLEG HEGÐUN HJÁ BÖRNUM Á LEIKSKÓLA

Eðlilegt og heilbriggt	Umhugsunarefni	Leita skal faglegrar aðstoðar
Snertir/nuddar eigin kynfæri við eftirfarandi athafnir: þegar skipt er um bleiu, þegar farið er í háttinn eða þegar barn er stressað, spennat eða hrætt.	Heldur áfram að snerta/nudda eigin kynfæri á almannafæri eftir að hafa stöðugt verið beðin um að gera það ekki.	Snertir/nuddar eigin kynfæri þannig að ekki mætti teljast eðlilegt fyrir börn. Meiðir eigin kynfæri með snertingu/nuddi.
Kannar mun á milli karla og kvenna, stráka og stelpna.	Spyr stöðugt um mun á kynfærum kynjanna jafnvel þó að öllum þeim spurningum hafi þegar verið svarað.	Leikur karlmanns- eða kvenmannshlutverk á reiðan, leiðan, eða árásgjarnan hátt. Hefur óbeit á eigin eða gagnstæðu kyni.
Snertir einkastaði nákominna fullorðinna aðila og barna.	Snertir einkastaði fullorðinna sem ekki eru hluti af fjölskyldu, ókunnugra barna eða annarra nákominna eftir að hafa verið beðin um að gera það ekki. Biður sjálft um að vera snert.	Snertir fullorðna með lymnskulegum hætti. Fær aðra til að gefa leyfi fyrir því að láta snerta sig, heimtar að aðrir snerti sig.
Nýtir sér tækifæri til að horfa á nakið fólk.	Starir á nakið fólk jafnvel eftir að hafa séð fjölda fólks nakið áður.	Biður fólk um að aflæðast. Reynir að afklæða aðra með valdi.
Spyr um kynfæri, brjóst, samfarir og það hvernig börn verða til.	Heldur áfram að spyrja um kynfæri, brjóst, samfarir og það hvernig börn verða til, jafnvel þó foreldri hafi svarað öllum þeim spurningum áður með tilliti til aldurs og þroska barns.	Spyr ókunnuga um kynfæri, brjóst, samfarir og það hvernig börn verða til, jafnvel þó foreldri hafi svarað öllum þeim spurningum áður. Kynferðisleg vitneskja of mikil miðað við aldur og þroska barns.
Standpína	Ítrekuð/stöðug standpína	Sársaukafull standpína
Líkar það að vera nakin. Gæti sýnt öðrum eigin kynfæri.	Vill vera nakin á almannafæri jafnvel þó foreldri hafi í sífellu beðið barn um að gera það ekki.	Neitar að klæða sig. Sýnir öðrum leynilega einkastaði sína á almannafæri eftir að hafa áður hlotið skammir fyrir slíkt.
Áhugi fyrir því að horfa á fólk við athafnir þess á baðherbergi.	Áhugi fyrir því að horfa á fólk við athafnir þess á baðherbergi dvínar ekki eftir daga/vikur.	Neitar að láta fólk eitt á baðherbergi. Þröngvar sér inn á baðherbergi.

KYNFERÐISLEG HEGÐUN HJÁ 6-9 ÁRA BÖRNUM

Eðlilegt og heilbriggt	Umhugsunarefni	Leita skal faglegrar aðstoðar
Kyskir nákomna fullorðna aðila og börn. Leyfir kossa frá nákomnum fullorðnum og börnum.	Franskir kossar. Talar við aðra á kynferðislegan máta. Hræðist faðmlög og kossa frá fullorðnum. Verður mjög kvíðin/n við það þegar aðrir sýna ástúð. Kyskir ókunnuga fullorðna eða börn.	Talar/hegðar sér á kynferðislegan hátt við ókunnugt fullorðið fólk. Líkamleg snerting við fullorðinn veldur uppnámi, hræðslu eða kvíða hjá barninu eða þeim fullorðna.
Horfir á myndir af beru fólki.	Sýnir endurtekna hrifningu af myndum af beru fólki og sú hegðun kemur barninu í vanda.	Vill fróa sér yfir myndum af beru fólki eða sýna öðrum þær.
Standpína	Stöðug standpína eða hræðsla við það að fá standpínu	Sársaukafull standpína eða sjálfsskaðandi hegðun til að stöðva standpínu.
Setur eitthvað á/í eigin kynfæri/endaparm til að finna fyrir tilfinningu í líkama, fyrir forvitnissakir eða vegna sjálfskönnunar.	Setur ítrekað eitthvað á/í eigin kynfæri/endaparm eða þegar barnið hefur óþægindatilfinningu á þeim stöðum. Setur eitthvað á/í kynfæri/endaparm annars barns og/eða annarra barna	Þvingun eða valdbeiting við það að setja eitthvað á/í kynfæri/endaparm annars barns. Veldur skaða á eigin/ annarra kynfærum/endaparmi.
Áhugi á ælunarhegðun dýra.	Snerting kynfæra dýra.	Kynferðisleg hegðun með dýrum.

KYNFERÐISLEG HEGÐUN HJÁ 6-9 ÁRA BÖRNUM

Eðlilegt og heilbriggt	Umhugsunarefni	Leita skal faglegrar aðstoðar
Teiknar kynfæri á manneskjur til að tjá sig á listrænan hátt eða vegna þess að manneskjunn á myndinni er ætlað að vera nakin.	Teiknar kynfæri á sumar naktar manneskjur en ekki aðrar eða á teikningar af fullklæddu fólki. Kynfæri eru í röngu stærðarhlutfalli við líkama á teikningum.	Kynfæri eru mest áberandi atriði teikninga. Teikningar af samförum, hópkynlífi, kynlífi með dýrum, athöfnum sem lýsa kvalalosta eða sjálfspíslarhvöt.
Kannar mun á milli karla og kvenna, stráka og stelpna.	Ruglast varðandi mun á milli karla og kvenna jafnvel þó öllum spurningum um efnið hafi þegar verið svarað.	Leikur karla- eða kvennahlutverk á reiðan, leiðan eða árásargjarnan hátt. Hefur óbeit á eigin eða gagnstæðu kyni.
Nýtir sér tækifæri til að horfa á nakið fólk.	Starir eða laumast til að stara á nakið fólk eftir að hafa hlotið skammir fyrir slíkt og áður séð fjölda fólks nakið.	Biður aðra um að afklæðast. Reynir með valdi að afklæða börn eða fullorðna.
Þykist vera af gagnstæðu kyni.	Talar á neikvæðan hátt um eigið kyn.	Hræðist það að vera af eigin kyni. Hefur óbeit á eigin kynfærum.
Vill bera eigin kynfæri saman við kynfæri jafnaldra félaga.	Vill bera eigin kynfæri saman við mun eldri eða mun yngri einstaklinga.	Heimtar að fá að sjá kynfæri, brjóst og/eða rass annarra.
Horfir á kynfæri, rass og brjóst annarra.	Starir á kynfæri, brjóst eða rass annarra sem þykir það óþægilegt.	Laumast endurtekið til að gægjast á kynfæri, brjóst eða rass annarra eftir að hafa verið uppvís að því oft áður.
Áhugi fyrir því að snerta kynfæri, brjóst eða rass á jafnöldrum eða að láta þá snerta sig á þeim stöðum.	Lætur öðrum líða óþægilega með því að biðja um að fá að snerta kynfæri, brjóst eða rass þeirra eða biðja þau um að snerta sig á þeim stöðum.	Neyðir óviljugt barn til að snerta sig á kynfærum, brjóstum eða rassi, eða að gefa leyfi til að vera snert á þeim stöðum. Þvinguð eða óþvinguð munnmök, leggangamök eða endaparmsmök.

KYNFERÐISLEG HEGÐUN HJÁ BÖRNUM Á LEIKSKÓLA

Eðlilegt og heilbriggt	Umhugsunarefni	Leita skal faglegrar aðstoðar
Áhugi fyrir því að eignast og/eða fæða barn.	Áhugi stráka dvínar ekki eftir nokkra daga/vikur af leik sem fjallar um barnsfæðingar.	Sýnir ótta eða reiði varðandi smábörn, fæðingar eða samfarir.
Notar klámfengin/dónaleg orð yfir athafnir á baðherbergi og/eða varðandi kynlíf.	Heldur áfram að nota klámfengin/dónaleg orð heima fyrir eftir að foreldri hefur stöðugt beðið barn um að gera það ekki. Foreldri/foreldrar blóta ekki.	Notar klámfengin/dónaleg orð á almannafæri og heima fyrir eftir að hafa hlotið miklar skammir fyrir slíkt athæfi. Foreldrar/foreldri blóta ekki.
Áhugi fyrir eigin hægðum	Klínir hægðum á veggj eða gólf oft en einu sinni.	Leikur sér endurtekið með hægðir eða klínir þeim um eftir skammir fyrir slíkt athæfi.
Leikur læknisleik og skoðar líkama annarra, þar með talda einkastaðina.	Er uppvís að því að leika iðulega læknisleik eftir að hafa verið ítrekað beðin um að leika sér ekki á þann hátt.	Neyðir börn til að afklæðast og leika læknisleik.
Setur eitthvað á/í eigin kynfæri eða endaparm í eitt skipti vegna forvitni eða könnunar.	Setur eitthvað á/í eigin eða annarra kynfæri eða endaparm eftir að hafa verið beðin um að gera það ekki.	Setur eitthvað á/í eigin eða annarra kynfæri eða endaparm með hvers konar þvingun, aflbeitingu eða öðrum aðgerðum sem valda/geta valdið sársauka.
Leikur hlutverk móður og föður í búleik.	Nuddar sér utaní öðrum börnum í fötum eftir að hafa verið beðin um að gera það ekki.	Leiknar eða raunverulegar samfarir án fata. Munnleg snerting við kynfæri.

KYNFERÐISLEG HEGÐUN HJÁ

6-9 ÁRA BÖRNUM

Eðlilegt og heilbriggt	Umhugsunarefni	Leita skal faglegrar aðstoðar
Spyr um kynfæri, brjóst, samfarir og ungbörn.	Sýnir ótta eða kvíða í tengslum við kynferðisleg umræðuefni.	Spyr endalausra spurninga um kynlíf eftir að forvitni hefur þegar verið svarað. Kynferðisleg vitneskja of mikil miðað við aldur og þroska barns.
Áhugi fyrir því að gægjast/horfa á fólk við athafnir þess á baðherbergi.	Er í sífellu uppvís að því að gægjast og/eða horfa á fólk við athafnir þess á baðherbergi.	Neitar að láta fólk eitt við athafnir þess á baðherbergi.
Notar dónaleg/klámfengin orð yfir athafnir á baðherbergi og/eða kynfæri og kynlíf.	Notar dónaleg/klámfengin orð við fullorðna eftir að foreldri/foreldrar hafa ítrekað beðið barn um að gera það ekki og tala sjálfir vandað mál.	Heldur áfram að nota dónaleg/klámfengin orð jafnvel eftir brottvísun frá skóla eða annarri starfsemi.
Leikur læknisleik og skoðar líkama annarra, þar með talda einkastaðina.	Er uppvís að því að leika iðulega læknisleik eftir að hafa verið beðin um að leika sér ekki á þann hátt.	Neyðir önnur börn til að afklæðast og leika læknisleik.
Strákar og stelpur hafa áhuga fyrir því að eignast eða fæða barn.	Strákur leikur sér endurtekið í leik þar sem hann þykist eiga von á barni eða eiga barn.	Sýnir ótta eða reiði varðandi ungbörn eða samfarir
Sýnir öðrum eigin kynfæri á leynilegum stað.	Sýnir kynfæri á almannafæri eftir að foreldri/foreldrar hafa bæði beðið barn um að gera það ekki og skammað fyrir slíkt athæfi.	Sýnir kynfæri í skólanum og/eða á öðrum stöðum til að tjá reiði sína.
Áhugi fyrir þvagláti og hægðum.	Leikur sér með hægðir. Pissar viljandi út fyrir klósettskál.	Leikur sér endurtekið með hægðir eða klínir þeim um. Pissar viljandi á húsgögn og annað.
Snertir/nuddar eigin kynfæri við eftirfarandi athafnir: þegar farið er í háttinn eða þegar barn er stressað, spennt eða hrætt.	Heldur áfram að snerta/nudda eigin kynfæri á almannafæri eftir að hafa stöðugt verið beðin um að gera það ekki. Nuddar kynfærum á húsgögn og/eða aðra hluti.	Snertir/nuddar sjálf sig á almannafæri þannig að ekki mætti teljast eðlilegt athæfi barna. Nuddar kynfærum upp að einstaklingum.

KYNFERÐISLEG HEGÐUN HJÁ

6-9 ÁRA BÖRNUM

Eðlilegt og heilbriggt	Umhugsunarefni	Leita skal faglegrar aðstoðar
Leikur sér í búleik, gæti leikið bæði hlutverk móður og föður.	Nuddast endurtekið á öðrum börnum í fötum. Hermir endurtekið eftir kynferðislegum athöfnum með dúkkum og/eða böngsum.	Nuddast utaní öðrum án fata. Samfarir við annað barn. Neyðir önnur börn eða fullorðna til að snerta sig á kynferðislegan hátt.
Finnst börn af hinu kyninu ógeðsleg eða heldur að þau séu smituð af lús eða öðru slíku. Eltir þau börn í leik.	Notar dónaleg/kynferðisleg orð eftir að önnur börn hafa virkilega kvartað undan því.	Talar illa/dónalega um fjölskyldu annars barns. Særir börn af hinu kyninu.
Talar um kynlíf við vini sína. Talar um það að eiga kærustu eða kærasta.	Umræða um kynlíf kemur barni í vanda. Barn gerir öll sambönd að rómantískum samböndum.	Leggur það í vana að tala um kynlíf og kynferðislegar athafnir. Lendir endurtekið í vanda vegna slíks athæfis.
Vill fá næði við athafnir á baðherbergi eða þegar skipt er um fót.	Kemst í uppnám þegar einhver fylgist með barninu skipta um fót.	Sýnir árásgirni eða hræðslu þegar barnið heimtar að fá næði.
Finnst gaman að heyra og segja dónalega brandara. Gefur frá sér fá eða nokkur kynferðisleg hljóð.	Er endurtekið uppvís að því að segja dónalega brandara eða gefa frá sér kynferðisleg hljóð eins og stunur og/eða andvörp.	Er endurtekið uppvís að því að segja dónalega brandara eða gefa frá sér kynferðisleg hljóð, jafnvel eftir brottvísun frá skóla eða annarri skemmtilegri starfsemi.
Leikur leiki við jafnaldra sína, tengda kynlífi og kynferðislegri hegðun.	Vill leika leiki við mun yngri eða mun eldri börn, tengda kynlífi og kynferðislegri hegðun.	Barn eða börn neyða aðra til að leika í kynferðislegum leik eða taka þátt í álíka athöfnum sem þeim þykir óþægilegar.